

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guttorms Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. maí 1965.

Nr. 128/1964. **Jósafat Arngrímsson** (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Guðjóni Steingrímssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.
 Leiðbeiningarskylda héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1964. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað „til frekari gagnaöflunar og dómsálagningar af nýju“. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda gegn greiðslu vaxta, afsagnarkostnaðar og innheimtulauna, samtals að fjárhæð kr. 4315.64, og lækkunar málskostnaðar í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að hann fellur frá staðfestingu veðréttar í bifreiðinni G 1237 og lækkar fjárkröfu sína í kr. 12.873.64 með 9% ársvöxtum af kr. 34.873.64 frá 20. marz 1964 til 18. september s. á., 9% ársvöxtum af kr. 12.873.64 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í héraði hinn 21. maí 1964 var af hálfu stefnanda, þ. e. stefnda hér fyrir dómi, lögð fram stefna, svonefnd greinargerð, víxill, og dómsgerðir um löghald, sem hafði verið lagt á eignir stefnda, þ. e. áfrýj-

anda, Holtsgötu 37 í Ytri-Njarðvík og bifreiðina G 1237. Í stefnu er málið höfðað „til greiðslu skuldar samkvæmt 4 vixlum, að eftirstöðvum kr. 34.873.64“, og þess jafnframt krafizt, „að veðréttur í húseigninni Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og bifreiðinni G 1237 verði staðfestur til tryggingar öllum tildæmdum kröfum“. Nafnverð vixlanna var kr. 100.000.00, og segir síðan í stefnunni, að stefndi hafi „greitt alls kr. 78.000.00, en frá þeirri fjárhæð dregst löghaldskostnaður, þinglýsingarkostnaður og innheimtulaun“. Stefndi, þ. e. áfrýjandi, sótti sjálfur þing, er málið var þingfest, og lagði fram greinargerð og tvær kvittanir. Var málið síðan tekið til dóms og dómur kveðinn upp 28. maí 1964.

Eins og greint er, var fjárkrafan, kr. 34.873.64, ekki sundurliðuð. Mál til staðfestingar löghaldinu hafði eigi verið höfðað, en kyrrsetningargerðin var framkvæmd þann 18. febrúar 1964. Kröfuna um staðfestingu veðréttar virðist stefndi, þ. e. stefnandi í héraði, hafa reist á því, að eiginkona áfrýjanda hafði ritað á dómsgerðir löghaldsgerðarinnar svofellda áritun: „Staðfesti löghaldsgerð þessa án dóms.“ Áfrýjandi er ólöglerður. Ekki sést, að héraðsdómari hafi leiðbeint honum um málsmeðferð, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Bar héraðsdómara m. a. að benda áfrýjanda á, að hann gæti krafizt sundurliðunar á fjárkröfunni og síðan haft uppi varnir um hvern einstakan kröfulið, svo sem þær varnir um löghaldskostnað, að eigi væri að lögum leitað staðfestingar á löghaldinu. Enn fremur bar héraðsdómara að benda áfrýjanda á, að hann gæti borið fram þær varnir, að veðréttur hefði ekki stofnast í framangreindum eignum hans með þeim aðgerðum einum, er lýst var. Að svo vöxnu máli þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá og með 21. maí 1964, eftir að stefna var lögð fram, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Eftir atvikum verður málskostnaður í Hæstarétti látinn niður falla.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 21. maí 1964, eftir að stefna var lögð fram, eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. þ. m., hefur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. þ. m., gegn Jósafat Arngríms-syni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, til greiðslu skuldar samkvæmt 4 víxlum, að eftirstöðvum kr. 34.873.64 auk 9% ársvaxta frá 20. marz 1964 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að staðfestur verði veðréttur í húseigninni Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og bifreiðinni G 1237 til tryggingar öllum tildæmdum kröfum.

Víxlar þeir, sem stefnt er út af, eru allir útgefnir og ábektir af Prentsmiðju Hafnarfjarðar h/f og samþykktir af stefnda. Víxlarnir eru sem hér segir:

1. Víxill, að fjárhæð kr. 30.000.00, útgefinn 2/12 1963, með gjalddaga 2/2 1964. Vistaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar og afsagður sökum greiðslufalls 4/2 1964.

2. Víxill, að fjárhæð kr. 24.000.00, útgefinn 9/1 1964, með gjalddaga 8/3 1964. Vistaður í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík. Afsagður sökum greiðslufalls 10/3 1964.

3. Víxill, að fjárhæð kr. 22.000.00, útgefinn 8/1 1964, með gjalddaga 20/3 1964. Vistaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

4. Víxill, að fjárhæð kr. 24.000.00, útgefinn 9/1 1964, með gjalddaga 16/3 1964. Vistaður í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík.

Samtals eru víxlar þessir að fjárhæð 100.000.00 krónur. Stefnandi kveður stefnda hafa greitt upp í skuldina samtals 78.000.00 krónur, en frá þeirri fjárhæð dragist löghaldskostnaður, þinglýsingarkostnaður og innheimtulaun.

Hinn 18. febrúar s.l. lét útgefandi víxlanna, Prentsmiðja Hafnarfjarðar h/f, fara fram löghald til tryggingar gjaldföllnum og

ógjaldföllnum víxlum. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda, sem er stefnandi máls þessa, var gert löghald í eign stefnda, Holtsgötu 37 og bifreiðinni G 1237. Löghaldsgerð þessa ásamt víxlum hefur stefnandi lagt fram í málinu. Löghald þetta virðist ekki hafa verið staðfest með dómi, en á löghaldsaktinum er svofelld áritun:

Staðfesti löghaldsgerð þessa án dóms.

Hafnarf. 17/3 1964.

f. h. Jósafats Arngrímssonar

Guðrún Valgeirsdóttir.

Kona sú, er undirritaði framangreinda áritun fyrir hönd stefnda, mun vera eiginkona hans.

Stefndi mætti sjálfur í málinu við þingfestingu þess. Lagði hann fram skriflega greinargerð og tvær kvittanir, samtals að fjárhæð kr. 78.000.00, en síðan var málið dómtekið að kröfu hans.

Stefndi hefur borið fram eftirfarandi mótmæli gegn kröfum stefnanda: að einungis 30.000.00 króna víxillinn sé ekki að fullu greiddur, en eftirstöðvar hans séu nú kr. 22.000.00, að stefnandi hafi ekki sannað aðild sína í þessu máli, enda hafi hann aldrei getað afhent sér víxlana, þegar þeir voru greiddir, að ekki hafi verið færð fram rök fyrir beiðni um löghald fyrir ógjaldföllnum víxlum á sínum tíma og stefna í staðfestingarmáli hafi verið of seint út gefin. Framangreind mótmæli stefnda, sem er ólöglerður, þykir verða að skilja á þann veg, að hann krefjist sýknu vegna aðildarskorts, en til vara að synjað verði um staðfestingu á veðrétti vegna galla á löghaldsbeiðni.

Að því er fyrrnefnt atriði varðar, þá hefur stefnandi gert fullnægjandi grein fyrir aðild sinni að málinu með því að leggja fram frumrit umræddra víxla. Þá hefur stefndi ekki mótmælt heimild eiginkonu sinnar til þess að staðfesta löghaldsgerðina án dóms, og verður því að telja, að hann hafi samþykkt þá ráðstöfun hennar til þess að leggja veðbönd á umræddar eignir.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnandi hafi gert fullnægjandi grein fyrir kröfum sínum, og ber að taka þær til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málkostnaður ákveðst kr. 6.000.00.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Veðréttur í húseigninni Holtsgötu 37 og bifreiðinni G 1237 staðfestist til tryggingar tildæmdum kröfum.

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnanda, Guðjóni Steingrímssyni, kr. 34.873.64 með 9% ársvöxtum frá 20. marz 1964 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1965.

Nr. 8/1964. **Stapi h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. A/B Kompressor-Puts

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kaup og sala. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1964. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir verða ákveðnir þannig: 6% ársvextir frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.